



NORÐURÞING

Flokkun vega í náttúru Íslands

28.11.2025



NORÐURÞING



Skipulagsráðgjöf: EFLA ehf.

Ráðgjafar hjá EFLU: Ásgeir Jónsson, Sigmar Metúsalemsson, Ingibjörg, Björt Sól Sveinsdóttir
Hrafnhildur Brynjólfsson

Kortagerð: Sigmar Metúsalemsson, Guðrún Anna Lúðvíksdóttir

Skjalnúmer Efla: 102345-GRG-001-V07

Dags: 28.11.2025

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Forsendur	4
2	VEGIR OG SLÓÐAR SEM SKAL SKRÁ Í VEGASKRÁ FYRIR VEGI Í NÁTTÚRU ÍSLANDS	4
3	VINNUFERLI TILLÖGU AÐ SKRÁ UM VEGI Í NÁTTÚRU ÍSLANDS	5
4	KYNNING Á TILLÖGU AÐ FLOKKUN VEGA Í NÁTTÚRU ÍSLANDS Í NORÐURÞINGI	6
5	SAMRÁÐ OG UMSAGNARAÐILAR	6
6	VIÐAUKI I – UPPDRÁTTUR MEÐ FLOKKUN VEGA Í NORÐURÞINGI	8

1 INNGANGUR

Unnið er að skráningu vega í náttúru Íslands í Norðurþingi samhliða endurskoðun aðalskipulags, í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 60/2013, m.s.br. og reglugerð um vegi í náttúru Íslands nr. 260/2018.

Það er á ábyrgð sveitarstjórna að taka saman slíka skrá samhliða afgreiðslu endurskoðaðs aðalskipulags sveitarfélagsins. Í þessu minnisblaði er farið yfir hvernig tillaga er unnin, hvaða gagna er aflað, hvernig samráði er hagað.

Vegaskráin verður unnin í samræmi við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um skráningu vega í náttúru Íslands, <https://www.skipulag.is/media/attachments/Vegir-i-natturu-Islands.pdf>

Í leiðbeiningunum má finna upplýsingar um til hvaða vega skráin tekur, hvernig þeir eru flokkaðir, skráningu á takmörkunum um not þeirra og kynningu og samráð við gerð vegaskrárinnar.

Með skrá yfir vegi í náttúru Íslands verður til heildstæð skráning yfir slóða/vegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil, með eða án takmarkana. Jafnframt er vegaskráin grundvöllur fyrir útgáfu vegakorta, þar á meðal stafrænna korta fyrir GPS-tæki.

1.1 Forsendur

Að mati opinberra aðila hefur ríkt óvissa um vegakerfi Íslands utan hefðbundins þjóðvegakerfis, þ.e. hvaða leiðir er heimilt að aka, hvar er um að ræða utan vega akstur og hver tekur ákvarðanir um slíkt vegakerfi.

Með náttúruverndarlögum (nr. 60/2013) sem tóku gildi árið 2015, og reglugerð sem sett var á grundvelli þeirra árið 2018; <https://island.is/reglugerdir/nr/0260-2018>, var það fastsett að Vegagerðin skuli halda skrá í stafrænum kortagrunni um vegi, aðra en þjóðvegi þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Í náttúruverndarlögum segir einnig að sveitarfélög skulu gera tillögu að skrá um vegi í náttúru Íslands innan sinna marka og hlýtur hún samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags.

2 VEGIR OG SLÓÐAR SEM SKAL SKRÁ Í VEGASKRÁ FYRIR VEGI Í NÁTTÚRU ÍSLANDS

Vegaskráin skal taka til vega í náttúru Íslands, annarra en þjóðvega, bæði á hálendi og á láglandi. Þó að vegur sé tilgreindur í skrá um vegi í náttúru Íslands þá felur það ekki í sér að hann sé fær öllum vélknúnum ökutækjum eða að öllum sé heimilt að aka um hann. Skráningin felur heldur ekki í sér ábyrgð á vegum eða viðhaldi þeirra. Fyrst og fremst er um að ræða kortlagningu og ákvarðanatöku um hvaða leiðir er heimilt að aka vélknúnum ökutækjum, í ákveðnum tilfellum með tilteknum takmörkunum, s.s. heimild landeiganda og/eða veghaldara eða akstur við ákveðnar aðstæður eða tilefni.

Við mat á því hvaða leiðir skal setja í skrá yfir vegi í náttúru Íslands skal líta til eftirfarandi atriða:

- Er um að ræða veg í náttúru Íslands? Vegaskráin tekur ekki til vega í byggð, svo sem heimreiða eða vinnuvega innan ræktaðs landbúnaðarlands.
- Er um að ræða greinilegan og varanlegan veg sem löng hefð er fyrir akstri um?
- Er akstur um viðkomandi leið líklegur til að hafa neikvæð áhrif á landslag og víðerni?
- Er akstur um viðkomandi leið líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi eða hafa í för með sér önnur náttúruspjöll?

Fyrir alla skráða vegi þarf að tiltaka hvort ástæða sé til að takmarka umferð um hann við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrufarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa.

Samkvæmt ákvæðum náttúruverndarlaga má líta svo á að allur akstur utan heimalands bújarða sé óheimill, nema á skilgreindum og skráðum vegum eða slóðum í vegaskrá fyrir vegi í náttúru Íslands. Jafnframt má líta svo á að veghaldara/landeiganda sé heimilt að banna eða takmarka umferð óviðkomandi um tilteknar leiðir. Skráning vega felur ekki í sér að hann sé fær öllum vélknúnum ökutækjum, né heldur leiðir skráningin til ábyrgðar ríkis eða sveitarfélaga á viðhaldi þeirra.

Nokkrar undantekningar eiga við skv. 2. mgr 31 gr. náttúruverndarlaga (nr. 60/2013) þar sem akstur utan vega er heimill, ef nauðsyn krefur:

- Vegna starfa við landbúnað, er heimilt, ef nauðsyn krefur, að aka utan vega.
- Við eftirleitir er bændum heimilt að sækja sauðfé inn á miðhálendið á léttum vélknúnum ökutækjum, svo sem fjórhjólum, enda verði þeim gripum ekki náð með öðru móti og ekki talin hætta á náttúruspjöllum.
- Einnig er heimilt, ef nauðsyn krefur, að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna starfa við landgræðslu og heftingu landbrots, vegalagnir, línulagnir og lagningu annarra veitukerfa, björgunarstörf, lögreglustörf, sjúkraflutninga, rannsóknir, landmælingar og landbúnað, enda sé ekki unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt.
- Heimilt er, ef nauðsyn krefur og með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar, að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna starfa við viðhald skála og neyðarskýla, náttúrufarsrannsókna og vegna kvikmyndagerðar, enda sé ekki unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt.

3 VINNUFERLI TILLÖGU AÐ SKRÁ UM VEGI Í NÁTTÚRU ÍSLANDS

Skráin er unnin út frá grunngögnum frá Landmælingum og Vegagerðinni, auk vegskrár frá 4x4 og ábendinga frá heimamönnum. Flokkun veganna er kynnt í vefsíðu þar sem sjá má þjóðvegakerfið (svart) birt á loftmynd, ásamt flokkun vega/slóða (mismunandi litir). Auk þess er að skoða upplýsingar fyrir hvern veg/slóða sem fylgja með í töflu. Vefsíðin byggir er byggð upp með þeim hætti að hægt sé að skoða gögnin og gera athugasemdir í gegnum hana. Skv. reglugerð er gerð krafa um 5 m nákvæmni í miðlínu slóða og skal flokka þá í flokka F0 til F3.

4 KYNNING Á TILLÖGU AÐ FLOKKUN VEGA Í NÁTTÚRU ÍSLANDS Í NORÐURÞINGI

Samhliða kynningu á skipulagslýsingu fyrir endurskoðun aðalskipulags Norðurþings var vefsíða vegna verkefnis kynnt á kynningarfundum og á verkefnasíðu fyrir endurskoðun aðalskipulags. Íbúar og aðrir hagsmunaaðilar gátu sent inn tillögur og athugasemdir. [Aðalskipulag Norðurþings vefur, vegir í náttúru Íslands](#)

Samhliða kynningu á vinnslutillögu aðalskipulags þá var greinargerð með flokkun vega/slóða og uppdráttur send til umsagnar hjá umsagnaraðilum, sbr. 2. mgr. 32. gr. laga um náttúruvernd. Gögnin eru aðgengileg bæði á vefsíðu og á pdf formi. Óskað var formlega eftir umsögn ýmissa aðila um skrána, auk þess sem þarf formlegt samþykki Umhverfisstofnunar eða annarra stjórnvalda þjóðgarða vegna slóða/vega innan friðlýstra svæða. Jafnframt gátu íbúar og almenningur sent inn athugasemdir.

Farið var yfir allar ábendingar sem bárust við kynningu vinnslutillögu og var flokkun vega/slóða breytt ef við átti ásamt því að vegum var bætt við eða felldir út. Í kjölfar ábendinga voru fundir með Samút og Vegagerðinni. Við auglýsingu aðalskipulagstillögu er skráin aftur til kynningar.

Endanleg tillaga vegskrár hlýtur formlega samþykki samhliða staðfestingu á nýju aðalskipulagi Norðurþings. Vegaskráin verður send Skipulagsstofnun á stafrænu formi samhliða samþykkt aðalskipulags. Skipulagsstofnun sendir Vegagerðinni tillöguna til varðveislu.

5 SAMRÁÐ OG UMSAGNARAÐILAR

Í reglugerð um flokkun vega í náttúru Íslands nr. 260/2018, kemur fram að hafa skuli formlegt samráð vegna gerðar skráar um Vegi í náttúru Íslands; *“Við gerð skráarinnar skulu sveitarfélög hafa samráð við Umhverfisstofnun eða önnur stjórnvöld þjóðgarða ef við á, Vegagerðina, Landgræðslu ríkisins, Landmælingar Íslands, samtök útivistarféлага, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar”*.

Í reglugerðinni er ekki fjallað nákvæmlega um hverja skuli hafa samráð við, en hér er listi til viðmiðunar yfir þá aðila sem æskilegt er að leita umsagnar hjá:

STOFNUN	NETFANG	TENGILIÐUR	NETFANG TENGILIÐS	SÍMANR.
Umhverfisstofnun	ust@ust.is	Axel Benediktsson	axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is	591-2000
Vegagerðin	vegagerdin@vegagerdin.is	Erna Bára Hreinsdóttir	Erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is	522-1000
Land og Skógur (Landgræðslan)	land@land.is	Davíð Arnar Stefánsson	david.arnar.stefansson@land.is	488-3000
Land og skógur (Skógrækt ríkisins)	skogur@skogur.is	Björn Traustason		470 2000
Náttúrufræðistofnun	ni@ni.is	Ingvar Atli Sigurðsson		5 900 500

Landsnet	landsnet@landnet.is	563 9300
Veitur	veitur@veitur.is	516 6000
Rarik	rarik@rarik.is	528 9000
Landmælingar Íslands	lmi@lmi.is	430 9000
Bændasamtök Íslands	bondi@bondi.is	563 0300
Samút - Samtök útisvistarfélaga	sveinbjorn@fastgardur.is	851 1000
SAF – Samtök ferðapjónustunnar	saf@saf.is	591 0000
Landvernd	landvernd@landvernd.is	552 5242
Ferðaklúbburinn 4x4	f4x4@f4x4.is	568 4444
Ferðafélag Íslands	fi@fi.is	568 2533
Útivist	utivist@utivist.is	562 1000
Slysavarnarfélagið Landsbjörg	landsbjorg@landsbjorg.is	570 5900

6 VIÐAUKI I – UPPDRÁTTUR MEÐ FLOKKUN VEGA Í NORDURÞINGI

